

STORKURINN

PALOMAKRAGINN



HÖNNUN

Guðrún Hannele

STÆRÐ

(athugið að kraginn gefur vel eftir í báðar áttir)

Stuttur og breiður (hafður einfaldur um hálsinn) = breidd um 30 cm - lengd um 80 cm

Langur og mjór (hafður tvöfaldur um hálsinn) = breidd um 20 cm - lengd um 120 cm



EFNI

Paloma frá Debbie Bliss (60% baby alpaca, 40% merínó ull)
Stuttur x 50g, langur 4 x 50g.

PRJÓNAR

60-80 cm hringprjónn nr 10.

PRJÓNFESTA

12 lykkjur og 18 umferðir = 10 cm í sléttprjóni á prjóna nr. 10.

14 lykkjur og 16 umferðir = 10 cm í munsturprjóni á prjóna nr. 10.

Breytið um prjónastærð ef prjónfestan passar ekki svo kraginn verði ekki of laust eða fast prjónaður.

ORÐALYKILL

L = lykkja, lykkjur

S = slétt, sléttar

B = brugðin, brugðnar

Ó = óprjónuð lykkja

Y = uppsláttur

sty = steypa óprjónuðu lykkjunni yfir

1Ó+1S+Y+1S+sty = 1 lykkja óprjónuð fram frá, 1 lykkja slétt, uppsláttur, 1 lykkja slétt, steypa óprjónuðu lykkjunni yfir 3 lykkjur (1S+Y+1S).

KRAGINN

Athugið að fyrri talan á við um stutta, breiða kragann, en seinni talan um lengri, mjórri kragann.

Fitjið upp **41-33L** með prjónum nr. 10. Prjónið fram og tilbaka.

Kantlykkjurnar, fyrsta og síðasta lykkja í umferð eru prjónaðar sléttar á réttunni og á röngunni. Þær eru taldar með í munstrinu hér fyrir neðan.

Munstur:

1. umferð (réttan): 1S, *3S, 1B. Endurtakið frá * þar til 4L eru eftir, 4S.

2. umferð (rangan): 1S, *3B, 1S. Endurtakið út umferðina.

3. umferð: 1S, *1Ó+1S+Y+1S+sty, 1B. Endurtakið frá * þar til 4L eru eftir, 1Ó+1S+Y+1S+sty, 1S.

4. umferð: Eins og 2. umferð.

Þessar 4 umferðir eru endurteknar þar til kraginn mælist **80-120** cm eða garnið klárast.

Reiknið með að eiga nóg til garn til að lykkja eða sauma saman endana. Það kemur ágætlega út að lykkja saman svona gljúpt garn þó að annar endinn sé með uppfit.

Gangi ykkur vel!